

Ímynd Íslands í auglýsingum, sjá <http://www.garmur.is/myndlestur/myndlesturvefurulla2.ppt>

Hugmyndir sem fram koma um Ísland

Ísland er hreint og ómengað land. Vatnið er hreint og loftið er tært. Landslagið er ósnortið og stórbrotið. Ferðamönnum er boðið að fara í háskaferðir á jökla og siglingar um straumár. Á landinu býr fallett og heilbrigt fólk og menning þess á rætur sínar að rekja til menningar víkinga sem námu landið.

Sagan og menningararfurinn

Menning Íslendinga á rætur sínar að rekja til menningar víkinga sem námu landið. Minjagripir sem oft á tíðum eru fjöldaframleiddir í fjarlægum löndum vísa til þess menningararfs. En innan um og saman við er handverk framleitt á Íslandi úr ull og við. Viðarhandverkið er eftigerð af munum sem varðveist hafa frá því í gamla daga, t.d. askurinn. Lopapeysan, sem er frægasta ullarhandverkið á sér þó ekki eldri fyrirmyndir í landinu en 60 ára gamlar peysur. Afþreying sem byggir á arfi víkinga er sviðsett í sýningum, leikverkum og á veitingastöðum.

Mismunandi hlutverk kynjanna í auglýsingunum

Konur synda í tæru vatni og sjást fáklæddar og rennandi blautar uppúr vatnsborðinu. Karlmenn eru fullklæddir á sportbáti og hampa nýveiddum fiskum. Bæði kynin sjást á jökli innan um snjósleða og róandi niður straumá á húðkeip.

Bakgrunnur, forgrunn og samsetningu mynda.

Markhópur þessara auglýsinga eru ferðamenn sem lítið vita um landið, því þeim ferðamönnum sem eitthvað vita um landið er ljóst að frumbyggjarnir voru flestir friðsælir bændur en ekki víghreifir víkingar.

Ósnortin náttúra landsins er kynnt vel og vandlega en ekkert kemur fram um borgarmenninguna annað en eftirgerð af víkingahúsum í litlum bæ í nágrenni við höfuðborgina. Reyndar er þarna líka leiðarvísir um höfuðborgina með mynd af fyrrum fegurðardrottningu landsins á forsíðu.

Á öllum náttúrumyndunum er gott veður og engin mynd lýsir því að á úthafseyjunni er stundum rigning og rok.

Sýnilegar táknmyndir eða lógó tengjast fiskum, fjöllum og arfleið víkinganna.

Myndir af náttúru landsins eru stórbrotnar og textinn magnar þær upp, sem dæmi: „An unforgettable experience“ og mynd af jökulsprungu.

Litir eru hreinir og skærir annars vegar, himinnbláir, mosagrænir, en svo dimmir og brúntónaðir hins vegar. Skæru litirnir tengjast náttúru landsins, en þeir dimmu tengjast gamla tímanum.

Á myndum sem tengjast náttúrunni er mikið að gerast, fólk að sigla niður straumár eða að fljúga yfir jökulsprungu. Myndirnar sem tengjast menningararfnum eru af útskronum eftirgerðum af húsakynnum víkinga og þar er ekkert að gerast.

Augnaráð kvenna sem sjást í nærmynd er seiðandi og það á trúelga að bjóða ferðamenn velkomna.